

## Sveitarstjórnarfundur 3. júlí 2022

Sunnudaginn 3. júlí 2022 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 2. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

### Dagskrá 1. fundar:

1. Fyrsta fundargerð sveitarstjórnar 29.5.2022.
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Viðhald á Grunnskóla Drangness
5. Fyrirspurn Smávirkjana ehf.
6. Beiðni Vilhjálms Lúðvíkssonar og Áslaugar Sverrisdóttur
7. Tilboð Snædal í vef- og markaðsþjónustu
8. Beiðni Strandapóstsins
9. Umsókn um leiguíbúð
10. Fulltrúi hreppsins í Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
11. Fulltrúi hreppsins í fulltrúaráð umhverfissvottunar Vestfjarða
12. Skipan barnaverndarnefndar
13. Áskorun Félags atvinnurekenda

### Fundargerð:

#### 1. Fundargerð 41. sveitarstjórnarfundar 4.5.2022

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### 2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

#### 3. Aðrir fundir

a. Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða, 01.06.2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

b. Aðalfundur Veðifélags Bjarnafjarðarár 2022, 22.05.2022.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

c. Þinggerð 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga, 14.06.2022.  
Þinggerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn Staðfestir.

#### 4. Viðhald á Grunnskóla Drangness

Stefnt er að hefja lagfæringu á ytra bygðri Grunnskólans á Drangnesi. Kaldrananeshreppi barst tvö tilboð fyrir efniskostnaði að upphæð 6.917.599 kr.- en ákveðið hefur verið að setja nýja einangrun í húsnæðið og klæða sléttu hvítu áli miðað við uppgefnar forsendur. Talið er að raunkostnaður verði eitthvað lægri vegna ofmats á magni klæðningar. Að auki verður álið blátt og appelsínugult á pörtum en litirnir prýða merki grunnskólans.

Tilboð lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að taka tilboðinu á því einingarverði sem það hljóðar upp á.

Oddvita falið að annast verkið.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### 5. Fyrirspurn Smávirkjana ehf.

Smávirkjanir ehf. hyggjast að virkja Seljaá í landi Bólstaðar og Þverá í Bjarnarfirði í landi Svanshóls. Hugmynd að virkjuninni byggir á gögnum úr skýrslu Verkís sem unnin var fyrir Vestfjarðastofu.

Undirbúningur virkjunarinnar er á frumstigi en áætlað er að nýta sumarið 2022 vel til þess að rannsaka svæðið og ákvarða hvernig virkjun verður best fyrir komið.

Óskað er eftir leiðsögn varðandi skipulagsvinnuna vegna virkjananna og hvernig þeim verður best háttað.

Fyrirspurn lögð fyrir.

Finnur vikur af fundi.

Gera má ráð fyrir því að breytingar á aðalskipulagi taki u.þ.b. eitt ár eftir að beiðni berst og vinna getur hafist. Vinna við deiliskipulag getur hafist um leið og beiðni berst og öll gögn liggja fyrir.

Um önnur leyfi gilda almennar reglur varðandi framkvæmdir og byggingar.

Sveitarstjórn felur varaoddvita að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

Finnur mætir aftur á fund.

#### 6. Beiðni frá lóðarhafa Grundargötu 8

Óskað er eftir því að fá heimild til að vikka út lóðarmörk sjávarmegin meðfram Grundargötu 8 um einn metra en vegna tilkomu nýs vegar býður hann upp á auðveldla aðkomu gangandi fólks.

Er því fyrirhugað fyrir eigendur Grundargötu 8 að koma fyrir varnarflekum fyrir

fram við heitan pott sem staðsettur er sjávarmegin við húsið og myndu flekarnir veita þeim skjól fyrir forvitnum augum vegfarenda.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn tekur vel í beiðni lóðarhafa Grundargötu 8 um stækkun lóðar og felur oddvita að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

#### **7. Tilboð í vef- og markaðsþjónustu**

Kaldrananeshreppi barst tvö tilboð frá þjónustu- og ráðgjafafyrirtækinu Snædal. Fyrri tilboð snýr að vef og hýsingu heimasíðu hreppsins. Yfirfærsla yrði gerð á vefnum yfir í einfalt og þjálvt vefkerfi sem er hýst á samhæfðri hýsingu á vegnum Snædal. Að auki væri öryggiseftirlit vefsins hert sem og svartlistavöktun á léni. Heildar kostnaður er 300.000kr.- með virðisauka og afslætti. Með tilboðinu fylgir árs vefhýsing með viðhalds- og uppfærsluþjónustu.

Seinna tilboðið snýr að uppsetningu vefjarins í Kopage kerfi þar sem unnið væri með útlit síðunnar og virkni samkvæmt greiningarvinnu.

Heildar kostnaður er 150.000kr.- vegna vefjar með virðisauka og Strandamannaafslætti. Mánaðarlegur kostnaður vegna þjónustusamnings er 60.000kr.- með virðisauka.

Finnur vikur af fundi.

Tilboð lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að taka tilboðunum tveim.

Borið upp og samþykkt.

Finnur mætir aftur á fund.

#### **8. Beiðni Strandapóstsins**

Hreppnum barst fyrirspurn frá ritnefnd Strandapóstsins þar sem athugað er hvort áhugi væri fyrir því að kaupa styrktarlínu að upphæð kr. 25.000. Með því væri hreppurinn að styrkja Strandapóstinn við verkefni þeirra en í samstarfi við Landsbókasafn Íslands þar sem verið er að vinna að því að setja fyrstu 54 áragangana inn á timarit.is.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að taka tilboðinu. Samþykkt samhljóða.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

#### **9. Umsókn um leiguíbúð**

Hreppnum barst umsókn þar sem óskað var eftir leiguíbúð í hreppnum.

Oddvita falið að bregðast við umsókninni.

#### **10. Fulltrúi hreppsins í Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks**

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks óskar eftir því að sveitarstjórn skipar fulltrúa hreppsins til setu í stjórn fyrir aðalfund sem haldinn verður þriðjudaginn 5. júlí næstkomandi.

Sveitarstjórn skipar oddvita fulltrúa hreppsins og felur þjónustufulltrúa að upplýsa Byggðasamlagi Vestfjarða.  
Borið upp og samþykkt.

#### **11. Fulltrúi hreppsins í fulltrúaráð umhverfisvottunar Vestfjarða**

Umhverfisvottun Vestfjarða óskar eftir því að sveitarstjórn skipar fulltrúa hreppsins í fulltrúaráð umhverfisvottunar Vestfjarða.

Æskilegt er að fulltrúinn hafi áhuga á sjálfbærni- og umhverfismálum sem og sé vel innvinklaður í umhverfis- og skipulagsmálum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skipar Hildi Aradóttur fulltrúa hreppsins og felur þjónustufulltrúa að upplýsa verkefnastjóra umhverfisvottunar Vestfjarða.  
Borið upp og samþykkt.

#### **12. Skipan barnaverndarnefndar**

Hinn 29. apríl 2022 samþykkti Alþingi frumvarp mennta- og barnamálaráðherra sem felur í sér frestun niðurlagninga barnaverndarnefnda til 1. janúar 2023.

Lagt fram til kynningar.  
Borið upp og samþykkt.

#### **13. Áskorun Félags atvinnurekenda**

Stjórn Félags atvinnurekenda skorar á sveitarfélög að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár til að bregðast við miklum hækkunum fasteignamats fyrir árið 2023.

Áskorun lögð fram til kynningar en ekki talið þörf á viðbrögðum af hálfu sveitarstjórnar að svo stöddu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundu slitið klukkan 21:50